



Glæsibragur yfir hátíð Blómstrandi daga

Blómstrandi dagar voru haldnir í Hveragerði um síðustu helgi og var glæsibragur yfir hátíðinni enda um 30 ára stórafmæli að ræða. Dagskráin var þétt og frá 14.-17. ágúst var hægt að finna eitthvað við allra hæfi, má þar nefna Sycamore Tree sem tók lagið í kirkjunni, Daða Frey sem brýndi raustina í íþróttahúsinu og Tenor-tónleikar voru haldnir til styrktar Arnari Gísla til frekara tónlistarnáms. Best hirtu garðarnir voru verðlaunaðir, listasýningar og sölubásar settu einnig lit sinn á hátíðina.

Fólk var metnaðarfullt í því að lifga upp á bæði hús og garða; þar mátti sjá mikinn hómur í þeim skreytingum sem og fegurð í blómstrandi gróðrinum.

Börnin fengu ýmislegt fyrir sinn snúð þar sem tívolí var í bænum og leikhópurinn Lotta lék á als oddi í listigarðinum. Ekki má svo gleyma stóra Kjörisdegnum sem aldrei klikkar. Fólk flyktist hvaðanæva að til Hveragerðis til þess að smakka á allavegana ís. Furðuísinn sló í gegn og þeir sem vildu halda sér við hollustuna gátu gætt sér á sykurlausum

jógúrtis við leikandi tóna sem hljómuðu þar frá sviðinu. Tónlistaratriðin voru ekki af verri endanum en hljómsveitir á borð við Koppafeiti og Slysh sem koma báðar frá blómabænum Hveragerði sýndu listir sínar. Áherslan var sú að flest það listafólk sem fram kom á hátíðinni ætti búsetu þar í bænum. Nokkrir gestir komu þó við og kættu lýðinn. Ice guys slógu í gegn með ísnum sínum og Emmsjé Gauti gladdi yngri kynslóðina með lögum sem flestir gátu sungist með.

Gleðin var því ríkjandi frá morgni til

kvölds og þurfti að velja vel hvað fólk vildi sjá og skoða til þess að komast yfir sem flest af dagskránni. Hjálparaveit skáta varð 50 ára og var opið hús í tilefni af þeim áfanga. Má segja að hápunktur hátíðarinnar hafi svo verið brekkusöngurinn í Listigarðinum á laugardagskvöldinu og myndast sú hefð að heilu fjölskyldurnar mæti með útilegubúnaðinn og komi sér fyrir á túninu til þess að njóta þeirra atriða sem þar koma fram og flugeldasýning sem ávallt gleður augað lýsti upp himininn í lok kvöldsins.

**Fáðu
fagmann
í verkið**

**Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2024**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

**NÝR
TOYOTA PROACE**



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



**Toyota
Selfossi**



FALIÐ Í SANDI OG SÆ

MÁLÞING KIRKJUBÆJARSTOFU 28.08.2025

FÉLAGSHEIMILINU KIRKJUHVOLI

KIRKJUB.KLAUSTRI

Dagskrá

Kl.14.00 Setning

Kl. 14.05 "Á kafi í sandinn og upp úr honum aftur!"
Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur

Kl. 14.35 „Þetta er gott strand“
Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur/rannsóknardósent hjá Rannsóknarsetri HÍ í Bolungarvík

Kl. 15.05 Kaffihlé *

Kl. 15.25 „Ógn og undur " Fornleifar og viðvarandi náttúruvá af völdum Kötlu Íslands
Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur

Kl. 15.55 „Nunnurnar í Kirkjubæ“ – eftirmæli
Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur og prófessor við HÍ

Kl. 16.25 Málþingi slitið



KIRKJUBÆJARSTOFA

Margt um manninn við afmælishátíð Heilsustofnunar

Það var svo sannarlega margt um manninn við Heilsustofnun síðastliðinn laugardag þegar haldið var upp á 70 ára afmæli stofnunarinnar. Veitingarnar voru ekki af verri endanum, tónlistin ómaði um túnið og ýmis afþreying var í boði fyrir yngri kynslóðina.

„Þetta hefur gengið alveg frábærlega vel, fullt af fólki hefur mætt og nóg um að vera hjá okkur,“ segir Þórir Haraldsson, forstjóri Heilsustofnunar, ánægður í bragði þar sem hann stendur á miðri lóð við „Hælið“ sem nú fangar 70 ára afmæli.

Það var boðið upp á tómata

súpu gerða úr lífrænum tómötum sem ræktaðir voru við Heilsustofnun og má segja að súpan hafi slegið í gegn ásamt hjónabandssælu sem framreidd var í kjölfarið með þeyttum rjóma.

„Allir hafa notið dagsins og veislan var vel heppnuð,“ bætir Þórir við.

„Það mætti hér í gleðina fólki sem þekkir til og minnst sögu stofnunarinnar og heiðri hennar var haldið hér á lofti. Í húsinu hefur síðastliðin ár verið rekin læknisfræðileg, þverfagleg endurhæfing. Við erum að sýna mælanlegan árangur á því hvaða



jákvæðu áhrif dvölin hefur á heilsu fólks,“ segir Þórir stoltur á svip.

„Endurhæfingin er vanalega um fjórar vikur, þar sem fólk finnur frá 20% og allt upp í 28% aukningu á styrk í líkama, sér í lagi í fótum og höndum. Því eykur það á lífsgæðin og heilsan skiptir í raun öllu máli. Hefur því dvölin á stofnuninni verið mörgum afar dýrmæt.“ Bætir hann við, sannarlega ánægður með þá útkomu.

S.C



Tvíburahátíð í Twinsburg Ohiao

Elín Hrönn hefur sótt tvíburahátíð í Bandaríkjunum síðustu árin og nú í fimmta sinn. Hún og systir hennar, Hrefna Ósk, fóru fyrst 2018 og hafa farið síðastliðin 3 ár. Hátíðin er haldin í Twinsburg Ohiao, en það voru tvíburar sem námu þennan bæ og ákváðu nafnið í kjölfarið. Í tilefni af fimmtugustu hátíðinni langaði þær stöllur að gera meira úr þessu og tóku foreldrana með. Einnig tvíburarana, Hafstein og Kristján Valdimarssyni, svo þetta var hópferð og ótrúlega skemmtilegt.

„Var gert eitthvað öðruvísi vegna afmælisins?“ Elín verður hugsí og rifjar upp atburði helgarinnar.

„Það var heljarinnar sýning og svo var saga hátíðarinnar rifjuð upp. Við mættum á föstudegi og þá er skráning fyrir alla þá fjölbura sem eru þátttakendur á hátíðinni. Það eru myndatökur sem eru ansi vinsælar þar sem er voða gaman að smella af myndum af tvíburum og hvað þá fjölbura. Fólk er að hittast,

sumir í fyrsta sinn en aðrir fagna gömlum kynnum. Margir mæta frá Kína, Ástralíu og Kenía, svo fólkið kemur langt að.“

Það er alltaf eitthvað þema en í þetta sinn mátti velja sér það sem hafði verið síðustu fimmtíu ár og þær systur völdu ævintýrþema. Í þetta sinn voru þær Anna og Elsa úr frægu myndinni Frozen, sem er jú afar vinsælt hjá ungviðinu og sér í lagi í skrudgöngunni sem ávallt er farin. Skrudgangan endar síðan á hátíðarsvæðinu þar sem eru alls konar keppnir. Það er keppt í líkustu tvíburunum sem og ólíkustu, bæði elstu og yngstu tvíburunum. Einnig er haldin hæfileikakeppni. Það var því mikið gert úr þessari hátíð, matarvagnar og sölubásar voru á staðnum og mikil gleði var við völd á svæðinu.

„Það ríkir mikil samheldni og hefur verið gaman að kynna fólki og mynda tengsl jafnvel út lífið,“ segir Elín með bros á vör.

„Þær keppnir sem eru haldnar eru til dæmis hlaup og ég varð í



fyrsta sæti í mínum flokki. Við tókum einnig þátt í blakmóti með Hafsteini og Kristjáni. Þar sem þeir eru landsliðsmenn í blaki þá unnum við að sjálfsögðu mótið. Elín kom því heim með bikar fyrir blakíprótt þrátt fyrir að hafa aldrei æft það sport.“

„Ég hef aldrei unnið bikar fyrir neitt annað en blak sem er fyndið þar sem ég spilaði badminton og fótbolta í mörg ár,“ segir hún skælbrosandi. Það geislar af henni gleðin og hún ætlar sér svo sannarlega að fara aftur á þessa hátíð.

„Ég fer þangað til ég kemst ekki meir, það er ekki bara hátíðin sem ég sækist í heldur félagskapurinn. Fólkið skilur hvað maður er að ganga í gegnum sem einnig tvíburir,“ bætir hún við angurvær á svip.

„Þetta er það besta sem ég veit!“ Eru svo lokaorðin og hún eflaust farin að láta sig dreyma um næstu hátíð sem haldin verður að ári.



Starf í boði hjá Gesthúsum Selfossi

Við leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi til að bætast í frábæran hóp starfsmanna hjá Gesthúsum Selfossi!

Helstu verkefni:

- Afgreiðsla í móttöku
- Tryggja hreinlæti og hlýlegt umhverfi fyrir gesti
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Góð ensku kunnátta
- Íslenskukunnátta er mikill kostur
- Framúrskarandi þjónustulund og jákvætt viðmót
- 20 ára eða eldri
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og stundvísi

Við bjóðum:

- Skemmtilegt og hlýlegt starfsumhverfi
- Möguleika á hlutastarfi eða fullu starfi
- Frábæra vinnufélaga
- 6-10 tíma vaktir á tímabilinu 08-22
- Fjölbreytt og líflegt starf

Vinsamlegast sendu umsókn eða fyrirspurn

á: Sif@gesthus.is ef þú telur þig passa í okkar frábæra hóp hjá Gesthúsum Selfossi.



Startup Landið

Ert þú með hugmynd sem þú trúir á?

Við hjálpum henni að vaxa.
Úr sjávarþorpi eða sveitabæ,
af fjöllum eða úr tölvum.
Hvaðan sem hugmyndin
kemur gæti hún orðið
að farsælu fyrirtæki.

Startup landið er nýsköpunarhraðall
fyrir íbúa landsbyggðarinnar þar sem
þátttakendur fá stuðning og leiðsögn
til að þróa hugmyndir sínar áfram.

—— Opið fyrir umsóknir til 31. ágúst
startuplandid.is



Grímsævintýrin á Borg 2025

Sveitahátíð með rótgrónu sniði
Sog fjölskyldustemningu –
laugardaginn 23. ágúst

Laugardaginn 23. ágúst 2025
verður hin árlega sveitahá-
tíð Grímsævintýrin á Borg haldin
með glæsibrag. Hátíðin, sem er
skipulögð af Kvenfélagi Gríms-
neshrepps, hefur glatt gesti í ára-
tugi og nýtur mikillar vinsælda
meðal heimamanna sem og gesta
hvaðanæva að. Þar ber hæst tom-
bólan fræga, sem hefur verið
ómissandi hluti hátíðarinnar allt
frá árinu 1926.

Hátíðin er sérstaklega hönnuð
fyrir fjölskyldur og býður upp
á fjölbreytta og líflega dagskrá
fyrir alla aldurshópa.

Dagskráin í ár inni- heldur meðal annars:

- Brúðubíllinn með Lilla í fararbroddi
- Tombólu með yfir 2.500 vinningum, vinningar á öllum miðum!
- Kaffisala og heimabakað góð-

- gæti í Blúndukaffinu
- Markaður í félagsheimilinu
- Taiko trommusmiðja með Halla Valla
- Kynning á búnaði og tækjum frá Hjalparsveitinni Tintron
- Klifurveggur fyrir ævintýra-
gjarna gesti
- Candyfloss, andlitsmálning,
hópsöng og gleði fyrir börnin
- Frítt í sund meðan á hátíðinni
stendur
- Tjaldsvæði er á staðnum fyrir
þá sem vilja dvelja yfir helgi
Hátíðin, sem fer fram að Borg
í Grímsnesi, hefst klukkan 13.00



og stendur til kl. 16.00. Aðgang-
ur er ókeypis og allir hjartanlega
velkomnir.

„Við hvetjum gesti til að
taka daginn frá og njóta sveita-
stemningar, samveru og gleði
með fjölskyldu og vinum. Gríms-
ævintýrin á Borg hafa ávallt
verið vettvangur samverustundar
og jákvæðrar upplifunar – og
það verður engin undantekning á
því í ár,“ segir í tilkynningu frá
Kvenfélagi Grímsneshrepps.

Nánari upplýsingar má nálg-
ast á samfélagsmiðlum Kven-
félagsins og viðburðasíðum.

Ertu með hugmynd sem þú trúir á?

Það þarf ekki stórt skrifborð
eða flókið umhverfi til að
góð hugmynd fæðist – oft dugar
eldhúsbordið. Spurningin sem
brennur á mörgum er hins vegar:
hvernig breytir maður hug-
mynd í raunverulegan rekstur?
Í haust verður frumkvöðlum
utan höfuðborgarsvæðisins
boðið að stíga fyrsta skrefið í
nýju verkefni sem nefnist Star-
tup Landið.

Startup Landið – viðskipta-
hraðall landshlutasamtakanna –
fer af stað í haust og umsóknar-
fresturinn er til 31. ágúst.

En hvað er eiginlega við-
skiptahraðall?

Viðskiptahraðall (eða ný-
sköpunarhraðall) er tímabundið
verkefni þar sem einstaklingar
með áhugaverðar og frumlegar

hugmyndir fá stuðning og leið-
sögn til að þróa þær áfram. Það
getur verið allt frá hugmynd á
blaði yfir í raunverulegt fyrir-
tæki eða verkefni með rekstrar-
form. Hraðallinn hjálpar þér
að skoða hvort hugmyndin
standist, hvort hún geti skapað
tekjur, sparnað eða jafnvel ný
störf.

Hvernig virkar þetta?
Í Startup Landinu koma
saman frumkvöðlar alls staðar
að af landinu. Þau fá tækifæri til
að læra hvert af öðru – og ekki
síður af reyndum frumkvöðlum
sem hafa sjálf gengið í gegnum
það ferli að umbreyta hugmynd
í árangursríkt fyrirtæki.

Þátttakendur sækja vinnu-
stofur, fá handleiðslu frá men-
torum á viðkomandi sviðum
og taka þátt í fræðslu sem snýr
að því að móta hugmynd, þróa
hana og koma henni á framfæri
– hvort sem það er í formi sölu,
þjónustu eða fjárfestaleitar.

Hraðallinn hefst 18. septem-
ber og eru rafrænar vinnustofur
2x í viku, 3 tíma í senn í 6 vikur.

Staðlota verður haldin á
Suðurlandi dagana 25. og 26.
september – þar hittast öll
teymi í eigin persónu. Ferða-
kostnaður er niðurgreiddur
og öll þátttaka, gisting, matur
og fræðsla er án kostnaðar
Hraðlinum lýkur með fjárfesta-



hátíð í Hofi á Akureyri síðustu
vikuna í október – þar fá teymin
að kynna hugmyndina sína á
sviði og hlýtur þar ein hug-
mynd verðlaun í formi áfram-
haldandi stuðnings landshluta-
samtakanna.

Fyrir hverja?

Startup Landið er ætlað frum-
kvöðlum búsettum utan höfuð-
borgarsvæðisins. Þannig
getur þú sótt um að vera annað
tveggja hugmynda sem kemst
áfram í hraðallinn fyrir hönd
landshlutans.

Þeim sunnlensku teyimum
sem taka þátt býðst vinnuað-
staða í nýsköpunarsetri Há-
skólafélags Suðurlands endur-
gjaldslaust meðan á hraðlinum
stendur.



Kjúklingaréttur Ellu í Breiðási

Ómar Baldursson matgæð-
ingur vikunar

Takk, Björgvin fyrir tilnefn-
inguna. Það myndi kannski
meika mestan sens að ég kæmi
með eitthvað sem paraði vel
með bearnaise-sósu, svona
miðað við orð Björgvins í
síðustu dagskrá (en allir sem
þekkja vin minn, þá er hann
sögumaður góður). En ég ætla
í þetta skipti að fara í allt aðra
átt og leita í uppskriftabók
tengdamóður minnar, Elínar
Jónsdóttur frá Breiðási, sem
var einstaklega gott að koma
til í mat og mikill snillingur í
matargerð.

Kjúklingaréttur Ellu í Breiðási

3 dl tómatsósa
1,5 tsk karrý
1 tsk. pipar
1 tsk salt
0,5 l rjómi

Tómatsósu, rjóma og kryddi
er hrært vel saman.
Kjúklingabitum að eigin vali
raðað í eldfast mót og bitarnir
smurðir með



sósublöndunni og einnig hellt
smá sósu í móið sjálft. Þessu
er síðan skellt í ofn og eldað í
20-30 mín við 180°.
Þá er kjúklingnum snúið við
og sósu smurt aftur á, hiti
lækkaður í 160° og eldað í
10-15 mín. Seinast er restinni
af sósunni sett í mótið og
bitum.
snúið og klárað að elda á 120°
þangað til að kjúklingurinn er
fullleiddur.
Gott er að bera réttinn fram
með hrísgrjónum, frönskum
kartöflum og fersku
salati að eigin vali.

Ég ætla að skora á Helga Sigurð Haraldsson að koma með
næstu uppskrift.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is
uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Helga Jóhanna endurkjörin formaður FKA

Aðalfundur FKA - Suðurland
var haldinn 12. ágúst síð-
astliðinn á Hraunvöllum. Helga
Jóhanna endurkjörin formaður
FKA Suðurland og mikil til-
hlökkun til að kortleggja starfs-
árið.

„Skýrsla stjórnar fyrir síðasta
starfsár er gott yfirlit yfir metn-
aðarfullt og fjölbreytt starfsár
þar sem haldnar voru hraðkyn-
ningar, nýliðakvöld í Ölverki,
jólarið var haldið á Selfossi,
Spa-kvöld var í Skeiðalaug,
fjallkonan var virkjuð í tveggja
daga ferð í Hólaskóg við Búr-
fell og viðburðurinn „Rómantík
og vellíðan“ var með Auði Otte-
sen svo dæmi séu tekin,“ segir
Helga Jóhanna Úlfarsdóttir for-
maður FKA Suðurlandi. Aðal-

fundur FKA - Suðurland var
haldinn 12. ágúst síðastliðinn á
Hraunvöllum og í mildu verði
á fallegu kvöldi var kosin ný
stjórn

Stjórn FKA Suðurlandi 2025-
2026 frá vinstri: Helga Jóhanna,
Ingunn, Helga Björg, Íris Brá,
Dagný og Gunnhildur.

Lilja Össurardóttir, Sigrún
Elísabeth Arnardóttir og Helga
Jóhanna.

Andrea Róbertsdóttir fram-
kvæmdastjóri FKA, Guðlaug
Hrönn Jóhannsdóttir varafor-
maður og Ingibjörg Salóme Sig-
urðardóttir formaður FKA.

Helga Jóhanna og Ingunn
Jónsdóttir.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800
Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir,
sími 956 0673, hronn@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentínsson og
Sandra Clausen, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag
5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir
hádeggi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar systur
austan Hellisheiðar. Dagskráin
er aðili að samtökum bæjar-
og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Eru í vegi ekki góð,
oft við það hún mamma stóð.
Upp ég færi ermarnar,
á því kassinn fluttur var.

Svar við gátu í blaði 2815: **HEKLA**
2. lína: (H)ekla 3. lína: Hekla dúk
4. lína: Bílasalan Hekla

Visnagátur-höf:
Páll Jónasson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

NÝ HEIMILI Í HJARTA SELFOSS

Bókið
einkaskoðun

Tryggvagata 10–12.

- ✓ 78 nýjar íbúðir
- ✓ Vönduð hönnun og há gæði í efnisvali
- ✓ Stutt í skóla, sundlaug og þjónustu
- ✓ Bílastæði í bílakjallara fylgir
- ✓ Svansvottun – betra loft, minni orkunotkun



Sigurður Sigurðsson

löggiltur fasteignasali
Sími 690 6166 e-mail sigurdur@log.is



Hallgrímur Óskarsson

löggiltur fasteignasali
Sími 845 9900 e-mail halli@log.is



LÖGMENN
SUÐURLANDI
FASTEIGNASALA



JÁVERK

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Lokað vegna
sumarfría

Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedzialek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyragævi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Yoga Nidra byrjar

1. sept. kl. 17:00

3. sept. kl. 17:30

5. sept. kl. 10:00



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í íþróttaræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsumuðdari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

TIL SÖLU / LEIGU

Varahlutur úr hondu
cr-v árgerð 2005

5 dekk
framsætin og aftursæti
dekkjahlíf fyrir varadekk
aukaspilari og útvarp
fjórir hurðir bæði fyrir framan og
aftan og afturhurð

upplýsingar í síma 8960702 og
netfangið er
finnbogigunnarsson@gmail.com
og kann ekki að setja mynd af
þessum varahlutum og þarf að
vera honda cr-v til þess að það
passi og svara ekki síma eftir
hádeggi eða svo og þarf að losna
við þetta sem fyrst og flutnings-
gjald er rúmlega 200.þúsund
og keypti annan bíl

Hesthús-Selfoss

Til leigu eða sölu hluti í hesthúsi
í Suðurtröð, 3-4 stíur upplýsing-
ar í síma 6616170

Moskvít þrykkir út nýju lagi 22. ágúst. Þetta er sannkallaður
rokk-pönk eyrnaormur sem fær þig til syngja með.

Þú átt eitthvað bág

Lagið fjallar um sannleikann,
þeir sem skilja hann ekki eiga
eitthvað bág. Beturvítarnir
virðast halda að þeir viti hvað
er sannleikur og hvað er lygi.
Ef þú treystir ekki beturvítum
þá ertu bara bjáni. En það á ekki
við mig, ég mun ekki blekkja
þig. Ef þú trúir mér ekki þá áttu
augljóslega eitthvað bág. Svo
hlustaðu nú! Ekki láta einhvern
beturvita spila með þig, þú
getur tekið þínar eigin ákvarð-
anir sjálfur. Þú, sem og allir, ert
hérna fyrir eigin hagsmuni og
enginn ber ábyrgð á útkomunni
nema þú sjálfur. Þú verður aldrei
múgurinn, ert varla partur. Þú

ert bara þú. Og þú ert meistarinn
yfir eigin lífi og þess vegna ætl-
ar þú að hlusta á þetta lag oft og
mörgum sinnum og fylgja okkur
í Moskvít!

Lagið var tekið upp og mixað
hjá Kjartani í Dynur Stúdíó í

Hveragerði og masterað hjá
Sigurdóri í Skonrokk.

Þú Átt Eitthvað Bág má
finna á öllum helstu streymis-
veitum og tónleikum Moskvitar.

Mbk
Moskvít



KIRKJUR

Strandarkirkja í Selvogi

Guðsþjónusta kl. 14:00.
Félagar úr Kór Þorláks- og
Hjallasóknar leiða almennan
safnaðarsöng.
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir
þjónar.
Verum öll velkomin.
Sóknarnefnd og sóknarprestur

Haukadalskirkja

Sumarmessa kl 14 þann 24.
ágúst í þessari einstöku kirkju.
Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir
sóknarprestur þjónar og prédik-
ar, Jón Bjarnason organisti leiðir
safnaðarsöng og messus-
vör. Grímur Bjarndal Jónsson
frá Neðra-Dal flytur stutt erindi
við messuna. Grímur var um
tíma skólastjóri barna- og ungl-
ingaskólans í Reykholti í
Biskupstungum og man tímana
tvenna í sveitinni. Kirkjukaffi
undir vegg. Innilega velkomin!

Selfosskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 24.
ágúst kl. 20:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Edit A. Molnár,
prestur Guðbjörg Arnardóttir.
Fundur fyrir foreldra og verðandi
fermingarbörn í
Árborgarprestakalli þriðjudaginn
26. ágúst kl. 18:00 í
Selfosskirkju. Upplýsingar um
skráningu inn á selfosskirkja.is

Skálholtsdómkirkja

Messa kl 11 þann 24. ágúst. Sr.
Kristín Þórunn Tómasdóttir
sóknarprestur þjónar og prédik-
ar. Jón Bjarnason dómorganisti
leikur á orgel og Steinway flygil
auk þess að leiða messusvör.
Innilega velkomin.

Snorra Sturlusonarmessa í
Oddakirkju

Sunnudaginn 24. ágúst kl.
14.00 verður hátíðarmessa til
heiðurs Snorra Sturlusyni í
Oddakirkju í Rangárþingi.
Þar koma fram séra Elína
Hrund Kristjánsdóttir, séra
Kristján Arason og séra Óskar
Hafsteinn Óskarsson prófastur í
Hruna. Ennfremur talar Óskar
Guðmundsson rithöfundur í
Reykholti um æskuár Snorra
Sturlusonar á Njálslóðum.
Guðni Ágústsson mælir fyrir
hönd Njálufélagsins- Upp með
Njálu. . Kirkjukór Odda-og
Þykkvabæjarkirkna syngur.
Kirkjukaffi verður drukkið að
athöfn lokinni, og hljóðkerfi
verður til staðar.

OPIÐ
HÚS

Engjaland 4
Selfoss

Opið hús

Fimmtudaginn 21. ágúst
Frá 17:00 – 18:00



Guðný Þorsteinsdóttir

Löggiltur fasteignasali
gudnyth@remax.is | 771-5211

RENY

RE/MAX

Ferðamaður féll bratta leið niður að Merkurkeri

Á tólfta tímanum á laugar- dag voru björgunarsveit- imar Dagrenning á Hvolsvelli, Flugbjörgunarsveitin á Hellu og Bróðurhöndin undir Eyja- fjöllum boðaðar út á mesta for- gangi vegna tilkynningar til Neyðarlínu um ferðamann sem hafði fallið niður nokkurn bratta á leið að Merkurkeri. Merkurker er við Þórsmekurleið og hafði viðkomandi runnið niður nokkra brekku niður að Sauðá og var grunur um öklabrot.

Björgunarfólk ásamt sjúkra- flutningamönnum átti nokkuð greiða leið að viðkomandi, búið var um ferðamanninn í börum til flutnings í bíl. Björgunarfólk óð Sauðá með börumar og gekk svo fram gilið ríflega 100 metra af bílum. Viðkomandi var svo fluttur með sjúkrabíl til aðhlynningar. Björgunarsveitir höfðu lokið sinni vinnu á vettvangi upp úr klukkan 12.



BEINT FRÁ BÝLI

Beint frá býli dagurinn

Fjölskylduviðburður og matarmarkaður hjá Korngrís frá Laxárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sunnudaginn 24. ágúst kl. 13-16

 Samtök smáframleiðenda matvæla

Nánar á beintfrabyli.is

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða Bæjar- stjórnar Árborgar frá fundi dags. 18.6.2025:

Stjórnumsteinar 7 og Heiðarbrún 2-8b - Deiliskipulag íbúðargötu

Tillaga frá 46. fundi skipulagsnefndar frá 11. júní sl. liður 5. Stjórnumsteinar 7 og Heiðarbrún 2-8b - Deiliskipulag íbúðargötu. Lagt er fram að lokinni auglýsingu deiliskipulag fyrir íbúðarhúsagötuna Stjórnumsteina 7 og Heiðarbrún 2-8b á Stokkseyri. Skipulagsnefnd Árborgar hefur um nokkurt skeið horft til þess að reyna að þétta byggð, þar sem þess er nokkur kostur. Hefur verið horft sérstaklega til auðra lóða sem hafa staðið þannig árum og áratugum saman í þegar byggðum hverfum. Nefndin telur að það sé ávinningur fyrir Sveitarfélagið Árborg, að það séu byggð hús á lóðunum, innan um önnur íbúðarhús, og myndist þá heildstæð götumennd á hverju svæði fyrir sig. Meginmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að gera deiliskipulag fyrir götulinuna á fyrrgreindum lóðum, Stjórnumsteinar 2 og lóðirnar Heiðarbrún 2-8b, á Stokkseyri. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036. Fyrir er í gildi (B-deild stjórnumtíðinda 17.3.2023) deiliskipulag fyrir lóðina Heiðarbrún 6-6a, og mun það falla úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags. Tillagan var auglýst í Lögbirtingablaði og Dagskránni frá 13.2.2025 með athugasemdafresti til 27.3.2025. Þá var tillagan aðgengileg á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar. Athugasemdir bárust frá íbúum við Heiðarbrún 2 og Heiðarbrún 8. Skipulagsnefnd hefur farið yfir athugasemdir, og hefur sett saman í samantektarskjal viðbrögð við athugasemdum, sem mun fylgja með öðrum gögnum tillögunnar og verða send Skipulagsstofnun til afgreiðslu. Skipulagsnefnd áréttar að það sé ávinningur í að þétta byggð og gera eins heildstæða götumenndir og hægt er, þar sem því er viðkomið. Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti tillöguna í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010, og mælist til að bæjarstjórn Árborgar samþykki tillöguna í samræmi við 41. gr. sömu laga. Gerðar hafa verið lagfæringar á uppdrætti í samræmi við samantektarblað með svörum og viðbrögðum nefndarinnar.

Til máls tekur Bragi Bjarnason, D-lista. Bæjarstjórn Árborgar hefur farið yfir athugasemdir, og er sammála viðbrögðum skipulagsnefndar við athugasemdum. Gerðar hafa verið lagfæringar á uppdrætti í samræmi við samantektarblað með svörum og viðbrögðum nefndarinnar. Bæjarstjórn tekur undir með skipulagsnefnd og áréttar að það sé ávinningur í að þétta byggð og gera eins heildstæða götumenndir og hægt er, þar sem því er viðkomið. Bæjarstjórn samþykkir samhljóða með 11 atkvæðum tillöguna í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við skipulagslög.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnumvalds kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnumtíðinda.

Virðingarfyllt,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi

MENNINGARMÁNUÐURINN OKTÓBER 2025

Í ár verður Menningarmánuðurinn október haldinn í sextánda sinn í Sveitarfélaginu Árborg. Sem fyrr mun sveitarfélagið kynna fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa og verða viðburðir á víð og dreif um sveitarfélagið allan október mánuð.

Vinna er hafin við að fylla október af áhugaverðum viðburðum og hvetjum við áhugasama, sem standa að viðburðum í októbermánuði, að tengjast hátíðinni og bjóða þar með íbúum upp á enn meiri fjölbreytni.

Hægt er að senda upplýsingar á Heru Fjólnisdóttur | hera.fjolnis@arborg.is eða Margréti Blöndal | margretb@arborg.is Einnig er hægt að hringja í síma 480 1900 til að fá nánari upplýsingar.

Með von um góðar viðtökur,
Sveitarfélagið Árborg



LJÓÐLIST

Um leið og ég bankaði sá ég
mitt eigið líf stökkva af stað
í augum moldvörpunnar
ljóðið mitt ná
loksins andanum
undir hvítri síðunni
eins og innst í listasölunum.

GUY GOFFETTE, Belgíu
1947-2024

úr « Het Gevleugelde Woord -
Le mot ailé »
POINT - Boekenplan
Þór Stefánsson þýddi



prentmet
heilðarlausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

FRÁRENNSLI
GEFUM GÖMLUM LÖGNUM NYTT LÍF

**Myndum og
staðsetjum lagnir**

Stíflulosun og
rótahreinsun

15 ára reynsla

Sími 571 0300
frarennsl@gmail.com

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

**NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR**

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**

TR

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tr.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575
800 SMÍÐI ehf.

KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll**

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

**BRAC AF
VINÁTTU!**

**Fæst hjá
BYKO Selfossi**

ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf

okuland.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**

stiflulosun.is

• Stíflulosanir
• Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
• Sónum út Lagnir
• Lagnafóðrun
• Rotþrær
• Fitugildrur
• Sandgildrur
• Skólphreinsistöðvar
• Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ÞJÓNUSTUM
EINSTAKLINGA
FYRIRTÆKI
HÚSFÉLÖG
SVEITAFÉLÖG

**VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!**

510-1180 / 669-8441

**Stíflubjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is